

2010:11 • 6. september 2010

Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2010


Quarterly government accounts, 2nd quarter 2010

Samantekt

Hið opinbera var rekið með 30 milljarða króna tekjuhalla á 2. ársfjórðungi 2010 samanborið við um 42 milljarða króna tekjuhalla á sama tíma 2009. Sem hlutfall af landsframleiðslu ársfjórðungsins mældist tekjuhallinn um 8% og sem hlutfall af tekjum hins opinbera um 18,6%. Á sama ársfjórðungi 2009 mældist tekjuhallinn rúmlega 11% af landsframleiðslu og 28,3% af tekjum hins opinbera. Þessi bættu afkoma skýrist fyrst og fremst af auknum skatttekjum sem hækkað hafa verulega milli umræddra tímabila á sama tíma og dregið hefur verulega úr fjárfestingu hins opinbera eða um tæplega þriðjung.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs¹

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP¹



¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfjórðungi 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure.


Heildartekjur hins opinbera námu 162 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2010 samanborið við 147 milljarða króna á sama tíma 2009 og hækkuðu um 10,2% milli ára. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af 6,6 milljarða króna auknum tekjum af tryggingagjöldum milli ára og um 5,7 milljarða króna meiri tekjum af tekjusköttum. Á sama tíma jukust heildarútgjöld hins opinbera um 2,3% milli ársfjórðunganna eða úr tæplega 189 milljörðum króna 2009 í ríflega 193 milljarða króna 2010. Útgjaldaþækkunin skýrist að mestu af 8,6 milljarða króna auknum vaxtakostnaði hins opinbera og 3,7 milljarðar króna vexti í kaupum á vöru og þjónustu, en á móti vegur 4,4 milljarðar króna minni fjárfestingarkostnaður og 3,7 milljarða króna lækkun í félagslegum tilfærslum til heimilanna.



Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.636 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2010 eða sem samsvarar 106% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Að teknu tilliti til peningalegra eigna var hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, neikvæð um 546 milljarða króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem svarar til 35,4% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 27,5% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2009 en aftur jákvæð um 2,5% af landsframleiðslu á þeim ársfjórðungi 2008. Samkvæmt þessu hefur hrein peningaleg eign ríkissjóðs því versnað um 583 milljarða króna á tveggja ára tímabili eða um 37,8% af landsframleiðslu (sjá mynd 2 og töflu 9).

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2010 hækkuðu um 10,2% frá sama tíma 2009

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, námu ríflega 162 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2010 samkvæmt bráðabirgðatölum og hafa því hækkað um 10,2% frá sama ársfjórðungi 2009 er þær voru rúmlega 147 milljarðar króna. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu 138 milljörðum króna samanborið við 120 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2009 eins og lesa má úr töflu 5. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum af tryggingagjöldum sem hækkuðu um 6,6 milljarða króna milli tímabilanna og af tekjusköttum sem hækkuðu um 5,7 milljarða króna. Þá hækkuðu tekjur af vöru- og þjónustusköttum um 4,3 milljarða króna.

Á sama tíma hækkuðu útgjöldin um 2,3% og voru ríflega 193 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2010

Heildarútgjöld hins opinbera námu 193,3 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2010 samkvæmt bráðabirgðatölum og hafa aukist um 2,3% frá sama ársfjórðungi 2009. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun að fjárhæð 57 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 50,8 milljarðar króna og vaxtagjöld að fjárhæð rúmlega 28 milljarðar króna. Þá er talið að félagslegar tilfærslur til heimila hafi verið 27,6 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2010 og opinber fjárfesting 9,8 milljarðar króna. Aukning útgjalda hins opinbera milli 2. ársfjórðungs 2009 og 2010 skýrist fyrst og fremst af 8,6 milljarða króna auknum vaxtakostnaði hins opinbera og 3,7 milljarða króna hækkun í kaupum á vöru og þjónustu. Á móti vegur 4,4 milljarða króna minni fjárfestingarkostnaður og 3,7 milljarða króna lækkun í félagslegum tilfærslum til heimilanna.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 1. General government finances in 2nd quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2009 2. ársfj. 2nd quart.	2010 2. ársfj. 2nd quart.	Breyting, % Change, %	2008	2009	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	147,2	162,2	10,2	653,6	614,3	-6,0
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	188,9	193,3	2,3	853,7	763,3	-10,6
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	14,2	9,8	-31,2	66,0	52,6	-20,2
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-41,7	-30,2	•	-200,2	-149,0	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-28,3	-18,6	•	-30,6	-24,3	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-11,1	-8,0	•	-13,5	-9,9	•

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 30 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2009

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 30 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2010 samanborið við 41,7 milljarða króna neikvæða afkomu á sama tíma 2009, og nemur tekjuhallinn 8% af landsframleiðslu ársfjórðungsins og 18,6% af tekjum hins opinbera. Afkoman er því nokkru hagstæðari 2010 en 2009 eins og lesa má úr töflu 1 hér að ofan.

Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var 25 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2010, eða 21% af tekjum ársfjórðungsins

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 118,8 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2010 og heildarútgjöld 143,9 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 25 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 6,6% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 13% frá sama tíma 2009 og útgjöldin um 4,3%. Tekjujöfnuðurinn er því nokkuð hagstæðari en á 2. ársfjórðungi 2009 þegar hann var neikvæður um 32,7 milljarða króna eða 8,7% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 103 milljörðum króna, eða 86,7% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 43,6 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 37,2 milljörðum króna og tryggingagjöldin 16,4 milljörðum króna. Á gjaldahlíð ríkissjóðs eru fjárfrahlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 37,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2010. Launaútgjöld ríkissjóðs voru 30,5 milljarðar króna og kaup á vöru og þjónustu 27 milljarðar króna eins og lesa má í töflu 6.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur versnað um 134 milljarða króna milli 2. ársfjórðungs 2009 og 2010

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.090 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2010 eða sem nemur 70,5% af landsframleiðslu og hafa þær hækkað um 89 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2009 eins og fram kemur í töflu 9. Hækkunin skýrist af tæplega 142 milljarða króna hækkun hlutfjár ríkissjóðs, 91 milljarða króna hækkun viðskiptakrafna og 64 milljarða króna hækkun innistæðna. Á móti vegur 198 milljarða króna lækkun í útstandandi lánakröfum ríkissjóðs. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs hækkað um 233 milljarða króna, en þær námu 1.636 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2010 samanborið við 1.403 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2009. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru þær 106%. Þessi þróun hefur haft í för með sér að hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, varð neikvæð um 546 milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs

2010 samanborið við 412 milljarða króna neikvæða peningalega eign á sama ársfjórðungi 2009.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 2. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 2. Central government finances in 2nd quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2009 2. ársfj. 2nd quart.	2010 2. ársfj. 2nd quart.	Breyting, % Change, %	2008	Breyting, % Change, %	
1. Heildartekjur Revenue	105,2	118,8	13,0	476,9	447,4	-6,2
2. Heildarútgjöld Expenditure	137,9	143,9	4,3	668,6	571,1	-14,6
2.1 Fjárfesting Investment	8,0	5,8	-27,4	30,8	31,4	1,8
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-32,7	-25,0	•	-191,7	-123,6	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-31,1	-21,1	•	-40,2	-27,6	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-8,7	-6,6	•	-13,0	-8,2	•

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 6,7 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2009

Heildartekjur sveitarfélaganna á 2. ársfjórðungi 2010 eru áætlaðar 48,7 milljarðar króna og heildarútgjöld 53,6 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 5,0 milljarðar króna eða aðeins hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2009 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 6,1 milljarð króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 2,9% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 1,2%.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2009 og 2010

Table 3. Local government finances in 2nd quarter 2009 and 2010

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2009 2. ársfj. 2nd quart.	2010 2. ársfj. 2nd quart.	Breyting, % Change, %	2008	Breyting, % Change, %	
1. Heildartekjur Revenue	47,3	48,7	2,9	193,4	189,3	-2,1
2. Heildarútgjöld Expenditure	53,0	53,6	1,2	206,3	204,2	-1,0
2.1 Fjárfesting Investment	6,1	3,9	-37,1	35,1	21,2	-39,7
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-5,7	-5,0	•	-12,9	-15,0	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-12,0	-10,2	•	-6,7	-7,9	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-0,4	-0,3	•	-0,9	-1,0	•

Fjárfesting sveitarfélaga milli 2. ársfjórðungs 2009 og 2010 hefur dregist umtalsvert saman

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 27,6 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2010, eða 56,6% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 7,7 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 4,8 milljörðum og aðrar tekjur 8,6 milljörðum króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða um 45% útgjaldanna, en 24,4 milljarðar króna voru greiddar í laun á öðrum ársfjórðungi 2010. Kaup á vöru og þjónustu námu 16 milljörðum króna og fjárfestingin 3,9 milljörðum króna, en umtalsverð lækkun hefur orðið á fjárfestingu sveitarfélaganna frá sama ársfjórðungi 2009.

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta miðað við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 2nd quarter of 2010, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 30 billion ISK in deficit or 8.0% of quarterly GDP and 18.6% of general government total revenue. This can be compared with a deficit of 11.1% of quarterly GDP and 28.3% of general government total revenue in the 2nd quarter of 2009. This improvement between the quarters can be explained by a large increase in tax revenue and a drastic decrease in the investment expenditure, or by one third.

The general government total revenue has increased by 10.2% between the 2nd quarters of 2009 and 2010. This increase can mainly be explained by 6.6 billion ISK increased revenue from social contributions and 5.7 billion ISK from income taxes. The general government total expenditure increased by 2.3% at the same time or from 189 billion ISK 2009 to 193 billion ISK in 2010. The expenditure increase can be explained by 8.6 billion ISK higher interest cost and 3.7 billion ISK increase in purchases of good and services. At the same time, the investment cost decreased by 4.4 billion ISK and the social benefits by 3.7 billion ISK.

The central government total liabilities at the end of the 2nd quarter 2010 amounted to 1,636 billion ISK or 106% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 546 billion ISK or 35.4% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 27.5% of the GDP in the same period in 2009 and a positive net financial asset of 2.5% of the GDP in the 2nd quarter of 2008. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 583 billion ISK in the two years period or by 37.8% of GDP in 2010.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures for the central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2010*Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>	
	Heildartekjur <i>Total revenue</i>					
	(1)	(2)	(3=1-2)			
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2007	623,8	553,1	54,7	70,6	11,3	5,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,6	131,1	11,1	22,5	14,6	1,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	153,3	141,5	15,3	11,8	7,7	0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	156,1	139,2	16,0	16,9	10,8	1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	160,9	141,3	12,4	19,6	12,2	1,5
2008	653,6	853,7	66,0	-200,2	-30,6	-13,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	167,8	148,5	13,6	19,2	11,4	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	162,9	163,4	20,1	-0,6	-0,4	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	160,9	173,4	19,4	-12,6	-7,8	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,0	368,3	12,9	-206,3	-127,3	-14,0
2009	614,3	763,3	52,6	-149,0	-24,3	-9,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	149,1	175,5	9,3	-26,9	-18,1	-1,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	147,2	188,9	14,2	-41,7	-28,3	-2,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	155,2	193,0	18,4	-37,8	-24,3	-2,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,8	205,9	10,8	-43,2	-26,5	-2,8
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	162,8	185,3	7,4	-21,8	-13,4	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	162,2	193,3	9,8	-30,2	-18,6	-2,0
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2007	454,6	403,2	22,4	51,4	11,3	3,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	111,5	95,1	3,9	16,4	14,7	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,7	101,0	6,2	8,7	7,9	0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	114,6	101,6	6,9	13,0	11,3	1,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	118,7	105,4	5,3	13,2	11,2	1,0
2008	476,9	668,6	30,8	-191,7	-40,2	-13,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	122,7	104,3	4,4	18,4	15,0	1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,8	114,7	10,0	3,1	2,6	0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	118,5	127,2	9,9	-8,7	-7,3	-0,6
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	117,9	322,4	6,6	-204,5	-173,4	-13,8
2009	447,4	571,1	31,4	-123,6	-27,6	-8,2
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,0	128,4	3,8	-21,4	-20,0	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	105,2	137,9	8,0	-32,7	-31,1	-2,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	113,7	146,1	12,6	-32,3	-28,4	-2,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	121,5	158,7	7,0	-37,2	-30,6	-2,5
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	119,1	137,2	3,9	-18,1	-15,2	-1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	118,8	143,9	5,8	-25,0	-21,1	-1,6

¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption of 192 billion ISK is included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2007–2010 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2007–2010 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – thereof <i>investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Sveitarfélög The Local Governments						
2007	185,3	177,3	32,3	8,0	4,3	0,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	45,9	42,7	7,1	3,2	7,0	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	45,7	9,0	1,6	3,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	45,6	44,2	9,0	1,4	3,0	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	46,6	44,7	7,1	1,8	3,9	0,1
2008	193,4	206,3	35,1	-12,9	-6,7	-0,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	49,1	50,3	9,1	-1,2	-2,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	49,0	53,7	10,2	-4,7	-9,5	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	46,7	51,0	9,5	-4,2	-9,0	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	48,5	51,3	6,3	-2,8	-5,7	-0,2
2009	189,3	204,2	21,2	-15,0	-7,9	-1,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,0	50,4	5,5	-3,4	-7,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,3	53,0	6,1	-5,7	-12,0	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	47,5	50,3	5,7	-2,8	-5,8	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	47,4	50,6	3,8	-3,2	-6,7	-0,2
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	48,4	49,4	3,4	-1,0	-2,0	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	48,7	53,6	3,9	-5,0	-10,2	-0,3
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2007	103,3	92,0	0,1	11,3	11,0	0,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	24,7	21,9	0,0	2,8	11,2	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	24,7	23,1	0,0	1,5	6,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	25,8	23,3	0,0	2,5	9,8	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	28,1	23,7	0,0	4,5	15,9	0,3
2008	113,2	108,8	0,0	4,4	3,9	0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	23,9	21,9	0,0	2,0	8,4	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	26,4	25,4	0,0	1,0	3,7	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	30,8	30,5	0,0	0,4	1,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	32,0	31,0	0,0	1,0	3,1	0,1
2009	133,6	144,1	0,1	-10,4	-7,8	-0,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,4	33,7	0,0	-2,2	-7,0	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	33,8	37,4	0,0	-3,6	-10,5	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	32,1	34,4	0,0	-2,3	-7,2	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	36,3	38,6	0,0	-2,3	-6,5	-0,2
2010
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,9	34,0	0,0	-2,1	-6,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	31,5	32,6	0,0	-1,1	-3,5	-0,1

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2010*Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2009–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á Q	Á Q
		I	II	III	IV	I	II
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	614,3	149,1	147,2	155,2	162,8	162,8	162,2
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	459,9	114,4	110,2	116,4	118,8	124,4	121,9
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	239,9	62,6	59,0	56,7	61,6	64,2	64,8
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	31,2	7,9	7,7	7,6	8,0	8,9	8,7
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	174,9	40,6	40,1	48,0	46,2	47,5	44,4
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,3	1,3	1,1	1,5	1,4	1,5	1,5
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,2	1,5	1,7	2,0	1,0	1,6	1,8
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45,9	10,2	9,9	12,2	13,6	14,9	16,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,2	0,1	0,5	0,6	0,9	0,0	0,3
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	106,3	24,3	26,5	26,0	29,4	23,4	23,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	763,3	175,5	188,9	193,0	205,9	185,3	193,3
21 Laun <i>Wages</i>	224,0	55,1	57,9	55,3	55,6	53,5	57,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	187,5	44,5	47,1	45,0	50,9	47,4	50,8
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	32,0	8,0	7,9	8,0	8,2	8,3	8,3
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	98,6	19,0	19,5	26,6	33,5	28,9	28,1
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	28,0	7,1	7,2	6,6	7,0	7,7	7,6
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5,3	0,9	1,4	1,1	1,9	1,0	1,5
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	122,0	29,3	31,3	29,4	31,9	29,0	27,6
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	45,4	10,3	10,2	10,7	14,2	10,4	10,8
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	52,6	9,3	14,2	18,4	10,8	7,4	9,8
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-32,0	-8,0	-7,9	-8,0	-8,2	-8,3	-8,3
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-149,0	-26,9	-41,7	-37,8	-43,2	-21,8	-30,2
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-24,3	-18,1	-28,3	-24,3	-26,5	-13,4	-18,6
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-9,9	-1,8	-2,8	-2,5	-2,8	-1,4	-2,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	40,9	12,4	12,4	12,9	13,7	13,1	13,0
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	50,9	14,2	15,2	15,4	16,5	14,4	14,9

Skýringar *Notes:* 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192 billion ISK is included.*

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2009–2010*Table 6. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2009–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á Q	Á Q
		I	II	III	IV	I	II
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	447,4	107,0	105,2	113,7	121,5	119,1	118,8
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	321,4	79,8	75,5	81,3	84,7	89,1	86,6
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	132,3	35,7	32,3	29,4	34,9	36,5	37,2
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	3,7	1,0	0,8	0,8	1,1	1,9	1,8
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	171,4	39,8	39,0	47,0	45,6	46,9	43,6
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	5,3	1,3	1,1	1,5	1,4	1,5	1,5
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,2	1,5	1,7	2,0	1,0	1,6	1,8
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45,9	10,2	9,9	12,2	13,6	14,9	16,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	8,0	1,4	1,9	2,1	2,5	1,7	2,2
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	72,2	15,6	17,8	18,1	20,7	13,4	13,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	571,1	128,4	137,9	146,1	158,7	137,2	143,9
21 Laun <i>Wages</i>	119,2	29,6	30,7	29,6	29,3	28,7	30,5
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	95,8	23,2	23,7	23,3	25,5	24,2	27,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	23,3	5,9	5,7	5,8	5,9	6,0	6,1
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	91,8	17,3	17,8	24,9	31,8	24,6	23,7
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	24,5	6,3	6,3	5,8	6,1	6,5	6,4
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	155,0	36,4	39,3	37,2	42,1	37,1	37,5
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	21,0	4,8	5,0	5,3	5,8	4,8	5,0
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	32,4	7,1	7,0	7,4	10,9	7,4	7,8
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	31,4	3,8	8,0	12,6	7,0	3,9	5,8
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-23,3	-5,9	-5,7	-5,8	-5,9	-6,0	-6,1
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-123,6	-21,4	-32,7	-32,3	-37,2	-18,1	-25,0
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-27,6	-20,0	-31,1	-28,4	-30,6	-15,2	-21,1
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-8,2	-1,4	-2,2	-2,2	-2,5	-1,2	-1,6
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	29,8	7,1	7,0	7,6	8,1	7,7	7,7
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	38,1	8,6	9,2	9,7	10,6	8,9	9,3

Skýringar *Notes:* 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2009–2010*Table 7. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2009–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á Q <i>I</i>	Á Q <i>II</i>
		I	II	III	IV		
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	189,3	47,0	47,3	47,5	47,4	48,4	48,7
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	138,6	34,6	34,7	35,1	34,1	35,3	35,3
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	107,6	26,9	26,8	27,2	26,7	27,7	27,6
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	27,5	6,9	6,9	6,9	6,9	6,9	6,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	3,5	0,9	1,0	1,0	0,5	0,6	0,8
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	18,7	4,2	4,4	5,0	5,1	4,5	4,8
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	32,0	8,2	8,2	7,4	8,2	8,6	8,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	204,2	50,4	53,0	50,3	50,6	49,4	53,6
21 Laun <i>Wages</i>	89,4	21,7	23,2	21,9	22,5	21,4	24,4
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	60,9	14,9	15,4	14,5	16,0	15,1	16,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	8,6	2,1	2,1	2,2	2,2	2,2	2,2
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	6,7	1,7	1,7	1,7	1,7	2,4	2,4
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	3,2	0,8	0,8	0,8	0,8	0,9	0,9
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,0	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	9,2	2,3	2,3	2,3	2,3	2,4	2,4
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	12,6	3,2	3,2	3,2	3,2	3,4	3,4
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	21,2	5,5	6,1	5,7	3,8	3,4	3,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-8,6	-2,1	-2,1	-2,2	-2,2	-2,2	-2,2
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-15,0	-3,4	-5,7	-2,8	-3,2	-1,0	-5,0
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-7,9	-7,1	-12,0	-5,8	-6,7	-2,0	-10,2
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-1,0	-0,2	-0,4	-0,2	-0,2	-0,1	-0,3
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	12,6	3,1	3,2	3,2	3,2	3,1	3,2
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	13,6	3,4	3,5	3,4	3,4	3,2	3,5

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2009–2010Table 8. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2009–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2009					2010	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á Q <i>I</i>	Á Q <i>II</i>
		I	II	III	IV		
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	133,6	31,4	33,8	32,1	36,3	31,9	31,5
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	131,5	30,9	33,3	31,6	35,7	31,3	30,8
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,1	0,5	0,5	0,5	0,5	0,6	0,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	144,1	33,7	37,4	34,4	38,6	34,0	32,6
21 Laun <i>Wages</i>	15,4	3,8	4,0	3,8	3,8	3,7	3,9
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	30,8	6,3	8,0	7,2	9,4	6,9	6,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5,4	1,2	1,3	1,4	1,5	1,2	1,2
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	91,8	22,2	24,0	21,8	23,8	22,1	20,5
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-10,4	-2,2	-3,6	-2,3	-2,3	-2,1	-1,1
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-7,8	-7,0	-10,5	-7,2	-6,5	-6,5	-3,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,7	-0,1	-0,2	-0,2	-0,2	-0,1	-0,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	8,9	2,1	2,3	2,1	2,4	2,1	2,0
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	9,6	2,2	2,5	2,3	2,6	2,2	2,1

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2010*Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2008–2010*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2008		2009				2010	
	Á	Q	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á	Q
			I	II	III	IV		
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	960,0	1.000,2	990,5	977,3	1.055,0	1.018,8	1.089,5	
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	183,2	222,1	190,8	166,6	226,3	185,8	254,6	
Lánveitingar <i>Loans</i>	478,0	461,9	484,3	478,0	361,3	355,6	286,8	
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	194,8	195,2	198,3	198,4	334,4	334,6	339,8	
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	103,9	121,1	117,0	134,3	133,0	142,7	208,3	
Skuldir <i>Liabilities</i>	1.198,5	1.244,2	1.402,6	1.418,7	1.566,4	1.535,5	1.635,7	
Verðbréf <i>Securities</i>	313,8	279,5	300,6	318,8	546,3	522,8	583,6	
Lántökur <i>Loans</i>	622,2	684,3	711,1	710,5	634,2	618,7	661,6	
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	304,4	371,7	368,7	391,2	277,8	275,0	271,7	
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	317,8	312,6	342,4	319,4	356,4	343,6	389,9	
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	231,3	230,2	342,9	342,9	342,9	342,5	339,8	
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	31,2	50,2	47,9	46,5	43,0	51,6	50,7	
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-238,5	-244,0	-412,0	-441,4	-511,4	-516,8	-546,1	
Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>								
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	65,0	66,6	66,0	65,1	70,3	66,1	70,7	
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	12,4	14,8	12,7	11,1	15,1	12,1	16,5	
Lánveitingar <i>Loans</i>	32,3	30,8	32,3	31,8	24,1	23,1	18,6	
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	13,2	13,0	13,2	13,2	22,3	21,7	22,0	
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	7,0	8,1	7,8	8,9	8,9	9,3	13,5	
Skuldir <i>Liabilities</i>	81,1	82,9	93,5	94,5	104,4	99,6	106,1	
Verðbréf <i>Securities</i>	21,2	18,6	20,0	21,2	36,4	33,9	37,9	
Lántökur <i>Loans</i>	42,1	45,6	47,4	47,3	42,3	40,1	42,9	
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	20,6	24,8	24,6	26,1	18,5	17,8	17,6	
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	21,5	20,8	22,8	21,3	23,7	22,3	25,3	
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	15,6	15,3	22,8	22,8	22,8	22,2	22,0	
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	2,1	3,3	3,2	3,1	2,9	3,3	3,3	
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-16,1	-16,3	-27,5	-29,4	-34,1	-33,5	-35,4	

Hagtidindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

95. árg. • 55. tbl.

2010:11

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (vefútgáfa *pdf*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series